

AUGLÝSING

um samþykkt á nýju deiliskipulagi í Mosfellsbæ.

Bæjarstjórn Mosfellsbæjar hefur samþykkt nýja deiliskipulagsáætlun sem hér segir:

Vatnstankur í Úlfarsfellshlíðum.

Um er að ræða nýtt deiliskipulag í austurhlíðum Úlfarsfells sem nær yfir iðnaðarlóð fyrir vatnsgeymi, þjónustuveg frá Skarhólabraut og lagnir neðanjarðar að og frá vatnsgeymi. Lóðin sem geymirinn verður staðsettur á er 9.294 m². Heimilt verður að reisa tvo 440 m² vatnstanka og þjónustubyggingu sem getur verið allt að 320 m². Aðkoman verður frá Skarhólabraut og mun hluti af aðkomuveginum liggja við eða inn á núverandi reiðleið.

Einnig er í deiliskipulaginu skilgreind 5.000 m² lóð fyrir Skóræktarfélag Mosfellsbæjar sunnan Skarhólabrautar, fyrir útivistar- og fræðslusetur, þar sem heimilt verður að byggja allt að 350 m².

Ofangreind ný deiliskipulagsáætlun hefur hlotið meðferð sem skipulagslög nr. 123/2010 mæla fyrir um og öðlast hún þegar gildi.

F.h. Mosfellsbæjar, 27. júní 2019,

Ólafur Melsted skipulagsfulltrúi.

B-deild – Útgáfud.: 28. júní 2019